

**Gróðurfar og fuglalíf í nágrenni
Laugarvatnsvegar, Biskupstungum**

Eva G. Þorvaldsdóttir og Ólafur Einarsson

Unnið fyrir Hnit hf

NÍ97-023

Reykjavík, nóvember 1997



EFNISYFIRLIT

	bls.
1 INNGANGUR	3
2 STAÐHÆTTIR	3
3 AÐFERÐIR	3
3.1 Gróður	3
3.2 Fuglar	3
4 NIÐURSTÖÐUR	4
4.1 Gróðurkort	4
4.2 Breytingar á gróðurfari frá 1984	5
4.3 Flóra	5
4.4 Fuglar	6
5 UMFJÖLLUN OG TILLÖGUR	7
5.1 Gróður sem fer undir nýtt vegarstæði	7
5.2 Gróður á námasvæðum	7
5.3 Fuglalíf við Laugarvatnsveg	7
6 ÞAKKIR	8
7 HEIMILDIR	9
1. VIÐAUKI	
2. VIÐAUKI	

1 INNGANGUR

Verkfræðistofan Hnit óskaði eftir því síðla í september 1997 að Náttúrufræðistofnun gerði úttekt á gróðurfari og fuglalífi á fyrirhugaðu vegarstæði Laugarvatnsvegar milli Andalækjar og bæjarins Múla í Biskupstungum. Einnig átti að kanna fyrirhuguð malanámusvæði í nágrenni við nýja veginn.

2 STAÐHÆTTIR

Athugunarsvæðið er í um 120 metra hæð yfir sjávarmáli meðfram Laugarvatnsvegi ofarlega í Biskupstungum, milli Andalækjar og bæjarins Múla. Vegurinn verður endurnýjaður á um 6 km kafla. Einnig voru kannaðar þrjár malarnámur, við Andalæk, Stakksá og ein sem er staðsett mitt á milli bæjanna Múla og Austurhlíðar (sjá gróður- og jarðakort, Laugarvatnsvegur).

3 AÐFERÐIR

3.1 Gróður

Gróður var kannaður 15. október 1997. Verulegir annmarkar voru þó á því að vinna vettvangsvinnu sem skyldi sökum þess hve áliðið var hausts.

Athugað var hvort gróður hefði breyst frá því hann var kortlagður árið 1984. Gengið var um þau gróðurlendi sem lenda undir nýju vegarstæði. Gróður var skoðaður á þremur námusvæðum sem nýttar verða við vegagerðina. Auk vettvangsvinnunnar var reynt að afla sem víðtækra upplýsinga um gróður á þessu svæði.

3.2 Fuglar

Vegna þess að erindi um rannsóknir á fuglalífi við fyrirhugað vegstæði barst að haustlagi, löngu eftir að varptími fugla er liðinn, hafa markvissar varpfuglaathuganir vegna vegaframkvæmdanna ekki verið gerðar. Í fórum Náttúrufræðistofnunar voru til takmörkuð gögn um fuglalíf svæðisins, aðallega athuganir stofnunarinnar á útbreiðslu varpfugla á Suðurlandi sem staðið hafa yfir frá 1990. Starfsmenn Náttúrufræðistofnunnar, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Einar Þorleifsson, fóru um Laugarvatnsveg og nágrenni í maí 1996 og í maí og ágúst 1997 er þeir könnuðu útbreiðslu varpfugla í Biskupstungum. Upplýsingar um varpfugla í skýrslu þessari byggja á þessum rannsóknum.

Hautheimsókn, þann 15. október, var gerð til þess að kynna sér svæðið og athuga hvers konar búsvæði fyrir fugla væri þar að finna.

4 NIÐURSTÖÐUR

4.1 Gróðurkort

Svæði það sem hér er til umfjöllunar var gróðurgreint sumarið 1984. Ekki var gengið endanlega frá gróðurkortinu til útgáfu, en í handriti er til gróður- og jarðakort, kortblað 1713 1 SV, sem byggt er á gróðurgreiningunni frá því 1984. Gróður- og jarðakortið er teiknað á kortagrunn Orkustofnunar í mælikvarðanum 1:25.000. Hluti af þessu korti sýnir svæðið þar sem Laugarvatnsvegur verður endurnýjaður (sjá meðfylgjandi kort).

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um þau gróðurlendi sem koma fram á gróður- og jarðakortinu og er stuðst við gróðurgreiningu loftmynda frá 1984 og lýsingu á gróðursamfélögum gróðurkorta Náttúrufræðistofnunar Íslands (Steindór Steindórsson 1981). Náttúruleg gróðurlendi eru mosapemba, kvistlendi, kjarr, graslendi og votlendi. Allt svæðið er vel gróið, einungis nokkur svæði hálfgróin. Á fáeinum blettum er gróðurþekjan minni en 25% og flokkast þá sem ógróið land. Stór hluti svæðisins er ræktað land.

Mosapemba:

Einkennistegund mosapembunnar er mosategundin hraungambri (*Racomitrium lanuginosum*). Á þessu svæði vaxa ýmsar tegundir smárunna með mosanum svo sem grasvíðir (*Salix herbacea*), krækilyng (*Empetrum nigrum*) og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*).

Kvistlendi:

Lágvaxnar lyngtegundir eru ríkjandi í kvistlendi. Hér ber mest á bláberjalyngi, krækilyngi, fjalldrapa (*Betula nana*) og víði (*Salix* spp.)

Kjarr:

Birki eða ilmbjörk (*Betula pubescens*) gefur þessu gróðurlendi svip. Með birki eru ávallt ýmsar lyngtegundir, grös og blómplöntur.

Graslendi:

Í náttúrulegu graslendi eru ýmsar grastegundir ríkjandi svo sem língresi (*Agrostis* spp.) og túnvingull (*Festuca richardsonii*). Á þessu svæði eru áberandi ýmsir smárunnar innan um grösina. Graslendi er útbreitt í hlíðunum, ýmist algróið eða með yfir 75% gróðurþekju.

Votlendi:

Votlendið sem gróðurkortinu sýnir er að mestu leyti mýrar en einnig koma fyrir flóar og hálfdeigjur. Í mýrinni er ríkjandi mýrastör (*Carex nigra*) með fjalldrapa og bláberjalyngi. Aðrar tegundir sem fylgja mýrastörinni geta verið klóffífa (*Eriophorum angustifolium*) eða mýrelfting (*Equisetum palustre*). Innan mýrarinnar eru sums staðar lítil blaut svæði, flóar, með gulstör (*Carex lyngbyei*) eða tjarnastör (*Carex*

Í reit 4357 hafa fundist 233 tegundir háplantna (2. viðauki). Hér má finna nokkrar tegundir sem eru á válist Náttúrufræðistofnunar (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996). Loðgresi (*Holcus lanatus*), vatnsnafli (*Hydrocotyle vulgaris*) og flóajurt (*Persicaria maculosa*) eru tegundir sem skráðar eru í yfirvofandi hættu. Naðurtunga (*Ophioglossum azoricum*), sem vex við hveru og þar sem jarðhita gætir, er talin í hópi tegunda sem eru í nokkurri hættu. Ferlaufungur (*Paris quadrifolia*) er einnig skráð tegund í nokkurri hættu auk þess sem hann er friðlýst tegund samkvæmt náttúruverndarlögum. Fundarstaðir þessara tegunda eru þó ekki í næsta nágrenni við væntanlega endurnýjun á Laugarvatnsvegi.

4.4 Fuglar

Á svæðinu voru skráðar 10 fuglategundir þar af sex sem þykja líklegir varpfuglar (1. tafla). Engin þessara tegunda er sjaldgæfur varpfugl Íslandi. Tvö sandlóuhreiður fundust við Andalæk í maí 1996, einnig var eitt verpandi þar við heimreiðina að Múla vorið 1997. Sandlóa verpur líklega einnig á malartökustað við Stakksá. Ekki fundust hreiður annarra tegunda en atferli þeirra benti þó til að þær væru verpandi. Líklegt er að fáein grágæsarpör verpi á athugunarsvæðinu. Hrossagaukur og spói sáust í athugunum í maí og verpa fáein pör á athugunarsvæðinu. Heiðlóa og stelkur eru sennilegir varpfuglar við Laugarvatnsveg og einnig þúfutittlingur (*Anthus pratensis*) þó svo að hann hafi ekki verið skráður þarna í varpfuglaathugunum. Ekki fer neinum sögum af tjaldi (*Haematopus ostralegus*) sem varpfugli þarna en líklegt er að hann verpi á malarorpnum svæðum við veginn eins og t.d. við Stakksá og einnig við Andalæk.

1. tafla. Fuglar við Laugarvatnsveg í Biskupstungum

Tegund	Líklegir varpfuglar	Aðrir fuglar
Blesgæs (<i>Anser albifrons</i>)		x
Grágæs (<i>Anser anser</i>)	x	
Stökkönd (<i>Anas platyrhynchos</i>)		x
Sandlóa (<i>Pluvialis apricaria</i>)	x	
Heiðlóa (<i>Pluvialis apricaria</i>)	x	
Hrossagaukur (<i>Gallinago gallinago</i>)	x	
Spói (<i>Numenius phaeopus</i>)	x	
Stelkur (<i>Tringa totanus</i>)		x
Skógarþröstur (<i>Turdus iliacus</i>)*	x	
Hrafn (<i>Corvus corax</i>)		x
Alls	6	4

* atferli benti til þess að nokkur pör væru verpandi í kjarri við Hrauntúnslæk.

Eitthvað er um það að fuglar leiti sér ætis á svæðinu. Í heimsókninni 15. október 1997 voru tvær tegundir þar við fæðunám, tveir hrafnar og 36 blesgæsir. Hrafnar hafa einnig verið skráðir í eggjaleit að vori í mýri við Múla. Blesgæsirnar voru í mýrinni neðan við bæinn Múla. Votlendið norðan við Múlatjarnir hefur ekki verið ræst fram, en sama er ekki hægt að segja um annað votlendi í nágrenninu. Tvær stökkendur sáust á flugi upp með Andalæk þann 15. október. Aðrir fuglar sáust ekki þann daginn nema ein álf (*Cygnus*

cygnus) í mýri utan við athugunarsvæðið, norðvestan við Múlatjarnir. Þennan sama dag sáust engir fuglar á Múlatjörnum þegar þær voru skoðaðar frá þjóðveginum með hjálp fjarsjár.

Fjölbreytt fuglalíf er við Múlatjarnir. Þar verpur flórgoði (*Podiceps auritus*), álft, rauðhöfðaönd (*Anas penelope*), duggönd (*Aythya marila*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og lóupræll (*Calidris alpina*) svo dæmi séu nefnd (Jóhann Óli Hilmarsson o.fl. 1991).

5 UMFJÖLLUN OG TILLÖGUR

5.1 Gróður sem fer undir nýtt vegarstæði

Byrjað verður að lýsa gróðri sem fer undir fyrirhugaðan veg við Andalæk og endað við Biskupstungnabraut. Væntanlegt vegarstæði mun færast niður á tún sunnan við Dalsmynni, sem er í góðri rækt. Vegurinn mun liggja yfir graslendi sem hefur gróið verulega upp á síðustu árum. Sunnan við Austurhlíð mun vegarstæðið fara yfir annað tún í góðri rækt, og þegar því sleppir, yfir mýri sem vaxin er mýrastör og fjalldrapa. Mýrin hefur þornað upp vegna framræslu sem orðið hefur til þess að grös hafa sótt inn í hana. Þá mun vegurinn liggja þvert yfir túnskika sem er í góðri rækt og notaður til slægna.

Vegurinn mun skera mýrina sunnan við Múla, sem er athyglisvert svæði gróðurfarslega. Mýrastör er ríkjandi tegund en við jaðrana vex fjalldrapi í hverri þúfu. Neðar í mýrinni eru stórir blettir með gulstör, dæmigerðir gulstararflóar. Hér má einnig finna tjarnastör (*Carex rostrata*) og aðrar votlendisplöntur. Víða í mýrinni eru litlar lænur með vatnagróðri. Lækjagrýta (*Montia fontana*) vex þar í miklu magni og einnig trefjasóley (*Ranunculus hyperboreus*) og engjarós (*Potentilla palustris*). Þetta er votlendi sem ekki hefur verið ræst fram á stóru svæði og hefur að geyma fjölbreyttan mýra-, flóa- og vatnagróður.

5.2 Gróður á námasvæðum

Þrjár námur verða nýttar við væntanlega vegagerð (sjá meðfylgjandi kort). Á námasvæðunum er bersvæðisgróður útbreiddastur. Plöntur vaxa strjált til dæmis túnvingull, músareyra (*Cerastium alpinum*), krækilyng (*Empetrum nigrum*), axhæra (*Luzula spicata*) og lambagras (*Silene acaulis*). Mun grónara er umhverfis námuna sem liggur austan við Austurhlíð. Þar hafa grös sótt inn á bersvæðið.

5.3 Fuglalíf

Ofangreindar athuganir á fuglalífi gefa ekki fullnægjandi yfirlit yfir varpfugla á framkvæmdasvæðinu. Svæðið var ekki heimsótt á varptíma til þess að skoða varpfugla við fyrirhugaðan veg. Ef kortleggja á varpfugla nákvæmlega þá þarf til þess að minnsta kosti tvær heimsóknir, eina í síðari hluta maí og aðra um miðjan júní. Það er því ljóst að fyrirliggjandi gögn um varpfugla eru lágmarks upplýsingar. Blesgæsir voru við fæðuöflun í mýrinni, og sjást þær líklega þarna reglulega vor og haust, en blesgæsir eru fargestir á Íslandi og koma hér við vor og haust á leið sinni til og frá varpstöðvum á Grænlandi. Heildarstofn grænlestra blesgæsa er nú um 32.000 (Fox, óbirt gögn). Rannsóknir hafa sýnt að blesgæsir eru mjög tryggar hefðbundum dvalarstöðum sínum hvort sem er á

vetursetu- eða viðkomustöðum á farleiðum (Wilson o.fl. 1991, Fox o.fl. 1994, Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson óbirtar athuganir). Því má gera ráð fyrir að mýrin neðan við Múla sé nýtt af blesgæsnum og þá líklega sömu gæsnum og afkomendum þeirra ár eftir ár. Vegna þess hve tryggjar blesgæsir eru hefðbundnum dvalarstöðum sínum má gera ráð fyrir að þær séu viðkvæmar fyrir allri röskun á kjörlendi. Mýrin neðan við Múla hefur því gildi fyrir blesgæsir og gæta ber þess við framkvæmdir að raska mýrinni sem minnst.

Allt bendir til þess að fuglavarþ á slóðum hins nýja hluta Laugarvatnsvegar sé ekki einstakt á landsvísu. Mýrin er frjósöm suður og suðvestur af Múla og myndar þetta votlendi eina heild með Múlatjörnum. Mjög hefur verið gengið á votlendi á þessari öld með gengdarlausri framræslu. Óspillt votlendi á Suðurlandi eru ekki mörg og nauðsynlegt er að varðveita þau sem enn eru eftir. Lagt er til að ekki verði grafnir nýir skurðir í mýrina og æskilegt er að vegurinn sneiði hjá mýrinni neðan við Múla. Vegurinn liggur að öðru leyti að mestu í umhverfi sem hefur ekki mikið gildi fyrir fuglalíf, þ.e. tún, framræstar mýrar og graslendi sem eru mikið beitt.

Flórgoða hefur fækkað mjög á Íslandi þessari öld, frá um 1500 varppörum niður í 300 (Ólafur K. Nielsen í handriti). Múlatjarnir eru einn af fáum varpstöðum flórgoða á Suðurlandi. Vegna lífríkis Múlatjarna og nágrennis er mikilvægt að fyrirhuguð vegagerð hafi ekki áhrif á tjarnirnar og að ekki verði grafinn skurður yfir tjarnirnar til þess að veita vatni frá veginum.

Lagt er til að gerðar verði nokkrar tjarnir á malartökustað við Andalæk til að auka fuglalíf. Það er mjög auðveld framkvæmd þar sem stutt er niður á vatn. Tjarnirnar verði grafnar um leið og gengið er frá malarnámunni. Jafnvel væri hægt að hafa litla hólma í tjörnum sem nýtast myndu sem varphólmar fyrir fugla.

Til að viðhalda varpkjörlendi fyrir sandlóu og tjald er nauðsynlegt að sá ekki í mölina við Andalæk heldur fái landið að gróa upp á náttúrulegan hátt. Ef sáð verður í malarnám við Stakksá er æskilegt að ekki verði sáð í allt svæðið heldur verði skilin eftir malarsvæði þar sem bæði tjaldur og sandlóa geta fundið varpkjörlendi. Á Suðurlandi er mikil áhersla lögð á að græða upp alla mela og því er hætt við að gengið sé á varpkjörlendi þessara tegunda þeim landshluta.

6 PAKKIR

Guðmundur Guðjónsson gekk frá gróður- og jarðakorti af Laugarvatnsvegi, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Einar Þorleifsson útveguðu gögn um varpfugla á svæðinu og eiga þeir þakkir skyldar. Ævar Petersen las yfir handrit að þessari skýrslu.

7 HEIMILDIR

- Fox, A.D., D.W. Norris, D.A. Stroud og H.J. Wilson 1994. Greenland White-fronted Geese in Ireland and Britain 1982/83–1993/94, the first twelve years of international conservation monitoring. Greenland White-fronted Goose Study Research Report No. 8. Greenland White-fronted Goose Study and National Parks and Wildlife Service of The Office of Public Works. 54 bls.
- Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970. Reitskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna. Náttúrufræðingurinn. 40:58-65
- Jóhann Óli Hilmarsson, Einar Ó. Þorleifsson og Ingólfur Guðnason 1990. Könnun á votlendum á Suðurlandi 1990. Óbirt skýrsla til Pokasjóðs Landverndar. 50 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1, plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík. 82 bls.
- Ólafur K. Nielsen í handriti. Hrun flórgoðastofnsins á Íslandi. 8 bls. + myndir.
- Steindór Steindórsson 1981. Flokkun gróðurs í gróðurfélög. Ísl. Landbún. 12,2: 11-52.
- Wilson, H.J.J., D.W. Norriss, A. Walsh, A.D. Fox og D.A. Stroud 1991. Winter site fidelity in Greenland White-fronted Geese *Anser albifrons flavirostris*, implications for conservation and management. *Ardea* 79: 287-294.

1. viðauki. Listi yfir tegundir í reit 4358 skv. 10 x 10 km reitakerfi

Latneskt nafn	Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Íslenskt nafn
<i>Achillea millefolium</i>	Vallhumall	<i>Carum carvi</i>	Kúmen
<i>Agrostis capillaris</i>	Hálingresi	<i>Catabrosa aquatica</i>	Vatnsnarfagras
<i>Agrostis stolonifera</i>	Skriðlingresi	<i>Cerastium alpinum</i>	Músareyra
<i>Agrostis vinealis</i>	Týtulíngresi	<i>Cerastium cerastoides</i>	Lækjafræhyrna
<i>Alchemilla alpina</i>	Ljónslappi	<i>Cerastium fontanum</i>	Vegarfi
<i>Alchemilla vulgaris</i>	Marfustakkur	<i>Cystopteris fragilis</i>	Tófugras
<i>Alopecurus aequalis</i>	Vatnsliðagras	<i>Deschampsia alpina</i>	Fjallapuntur
<i>Alopecurus geniculatus</i>	Knjálíðagras	<i>Deschampsia caespitosa</i>	Snarrótarpuntur
<i>Alopecurus pratensis</i>	Háliðagras	<i>Deschampsia flexuosa</i>	Bugðupuntur
<i>Angelica archangelica</i>	Ætihvönn	<i>Draba incana</i>	Grávorbólóm
<i>Angelica sylvestris</i>	Geithvönn	<i>Dryas octopetala</i>	Holtasóley
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	Ilmreyr	<i>Eleocharis palustris</i>	Vatnsnál
<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>	Sortulyng	<i>Eleocharis quinqueflora</i>	Fitjaskúfur
<i>Arenaria norvegica</i>	Skeggsandi	<i>Eleocharis uniglumis</i>	Vætuskúfur
<i>Armeria maritima</i>	Geldingahnappur	<i>Empetrum nigrum</i>	Krækilyng
<i>Bartsia alpina</i>	Smjörgras	<i>Epilobium alsinifolium</i>	Lindadúnurt
<i>Betula nana</i>	Fjalldrapi	<i>Epilobium collinum</i>	Klappadúnurt
<i>Betula pubescens</i>	Birki	<i>Epilobium palustre</i>	Mýradúnurt
<i>Bistorta vivipara</i>	Kornsúra	<i>Equisetum arvense</i>	Klóelfting
<i>Botrychium lunaria</i>	Tungljurt	<i>Equisetum fluviatile</i>	Fergin
<i>Calamagrostis stricta</i>	Hálmgresi	<i>Equisetum palustre</i>	Mýrelfting
<i>Callitriche hamulata</i>	Síkjabrúða	<i>Equisetum pratense</i>	Vallelfting
<i>Calluna vulgaris</i>	Beitilyng	<i>Equisetum variegatum</i>	Beitieski
<i>Caltha palustris</i>	Hófsóley	<i>Erigeron borealis</i>	Jakobsfífill
<i>Campanula rotundifolia</i>	Bláklukka	<i>Eriophorum angustifolium</i>	Klófíffa
<i>Capsella bursa-pastoris</i>	Hjartarfi	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	Hrafnaíffa
<i>Cardamine hirsuta</i>	Lambaklukka	<i>Euphrasia frigida</i>	Augnfró
<i>Cardamine nymani</i>	Hrafnaklukka	<i>Festuca richardsonii</i>	Túnvingull
<i>Cardaminopsis petraea</i>	Melablóm	<i>Festuca vivipara</i>	Blávingull
<i>Carex bigelowii</i>	Stinnastör	<i>Filipendula ulmaria</i>	Mjadjurt
<i>Carex capillaris</i>	Hárleggjastör	<i>Fragaria vesca</i>	Jarðarber
<i>Carex capitata</i>	Hnappstör	<i>Galeopsis tetrahit</i>	Garðahjálmgras
<i>Carex chordorrhiza</i>	Vetrarkvíðastör	<i>Galium boreale</i>	Krossmaðra
<i>Carex curta</i>	Blátoppastör	<i>Galium normanii</i>	Hvíتماðra
<i>Carex limosa</i>	Flóastör	<i>Galium verum</i>	Gulmaðra
<i>Carex livida</i>	Fölvastör	<i>Gentianella amarella</i>	Grænvöndur
<i>Carex lyngbyei</i>	Gulstör	<i>Gentianella campestris</i>	Maríuvöndur
<i>Carex maritima</i>	Bjúgstör	<i>Geranium sylvaticum</i>	Blágresi
<i>Carex microglochin</i>	Broddastör	<i>Geum rivale</i>	Fjalldalaffífill
<i>Carex nigra</i>	Mýrastör	<i>Hieracium</i>	Undaíffill
<i>Carex norvegica</i>	Fjallastör	<i>Hieracium floccellum</i>	Lóíffill
<i>Carex panicea</i>	Belgjastör	<i>Hierochloe odorata</i>	Reyrgresi
<i>Carex rariflora</i>	Hengistör	<i>Hippuris vulgaris</i>	Lófótur
<i>Carex rostrata</i>	Tjarnarstör	<i>Juncus alpinus</i>	Mýrasef
<i>Carex saxatilis</i>	Hraf nastör	<i>Juncus arcticus</i>	Hrossanál
<i>Carex vaginata</i>	Slíðrastör	<i>Juncus articulatus</i>	Laugasef

Latneskt nafn	Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Íslenskt nafn
<i>Juncus biglumis</i>	Flagasef	<i>Rumex acetosella</i>	Hundasúra
<i>Juncus bufonius</i>	Lækjasef	<i>Rumex longifolius</i>	Njóli
<i>Juncus bulbosus</i>	Hnúðsef	<i>Sagina nivalis</i>	Snækrækill
<i>Juncus filiformis</i>	Þráðsef	<i>Sagina nodosa</i>	Hnúskakrækill
<i>Juncus trifidus</i>	Móasef	<i>Sagina procumbens</i>	Skammkrækill
<i>Juncus triglumis</i>	Blómsef	<i>Sagina saginoides</i>	Langkrækill
<i>Kobresia myosuroides</i>	Pursaskegg	<i>Salix arctica</i>	Fjallavíðir
<i>Koenigia islandica</i>	Naflagras	<i>Salix herbacea</i>	Grasvíðir
<i>Leontodon autumnalis</i>	Skariffífill	<i>Salix lanata</i>	Loðvíðir
<i>Limosella aquatica</i>	Efjugras	<i>Salix phylicifolia</i>	Gulvíðir
<i>Littorella uniflora</i>	Tjarnalaukur	<i>Saxifraga caespitosa</i>	Þúfusteinbrjótur
<i>Lomatogonium rotatum</i>	Blálilja	<i>Saxifraga hirculus</i>	Gullbrá
<i>Luzula multiflora</i>	Vallhæra	<i>Saxifraga nivalis</i>	Snæsteinbrjótur
<i>Luzula spicata</i>	Axhæra	<i>Saxifraga stellaris</i>	Stjörnusteinbrjótur
<i>Lychnis alpina</i>	Ljósberi	<i>Sedum acre</i>	Helluhnoðri
<i>Menyanthes trifoliata</i>	Horblaðka	<i>Sedum annuum</i>	Skríðuhnoðri
<i>Minuartia rubella</i>	Melanóra	<i>Sedum villosum</i>	Flagahnoðri
<i>Montia fontana</i>	Lækjagrýta	<i>Selaginella selaginoides</i>	Mosajafni
<i>Myosotis arvensis</i>	Gleym-mér-ei	<i>Silene acaulis</i>	Lambgras
<i>Myriophyllum alterniflorum</i>	Síkjamari	<i>Silene uniflora</i>	Holurt
<i>Oxyria digyna</i>	Ólafssúra	<i>Sorbus aucuparia</i>	Reynir
<i>Parnassia palustris</i>	Mýrasóley	<i>Sparganium</i>	Brúsakollur
<i>Phleum alpinum</i>	Fjallafoxgras	<i>Sparganium hyperboreum</i>	Mógrafabrúsi
<i>Phleum pratense</i>	Vallarfoxgras	<i>Spergula arvensis</i>	Skurfa
<i>Pilosella islandica</i>	Íslandsfífill	<i>Stellaria crassifolia</i>	Stjörnuarfi
<i>Pinguicula vulgaris</i>	Lyfjagras	<i>Stellaria media</i>	Haugarfi
<i>Plantago maritima</i>	Kattartunga	<i>Taraxacum</i>	Túnfífill
<i>Platanthera hyperborea</i>	Friggjargras	<i>Thalictrum alpinum</i>	Brjóstagras
<i>Poa alpina</i>	Fjallasveifgras	<i>Thymus praecox</i>	Blóðberg
<i>Poa annua</i>	Varpasveifgras	<i>Tofieldia pusilla</i>	Sýkigras
<i>Poa glauca</i>	Blásveifgras	<i>Trichophorum caespitosum</i>	Mýrafinningur
<i>Poa pratensis</i>	Vallarsveifgras	<i>Triglochin palustre</i>	Mýrasauðlaukur
<i>Poa trivialis</i>	Hásveifgras	<i>Trisetum spicatum</i>	Lógresi
<i>Polygonum aviculare</i>	Blóðarfi	<i>Vaccinium uliginosum</i>	Bláberjalýng
<i>Potamogeton alpinus</i>	Fjallnykra	<i>Veronica alpina</i>	Fjalladepla
<i>Potamogeton filiformis</i>	Þráðnykra	<i>Veronica officinalis</i>	Hárdepla
<i>Potamogeton gramineus</i>	Grasnykra	<i>Vicia cracca</i>	Umfeðmingur
<i>Potamogeton natans</i>	Blóðkunykra	<i>Viola canina</i>	Týsfjóla
<i>Potamogeton perfoliatus</i>	Hjartanykra	<i>Viola palustris</i>	Mýrfjóla
<i>Potentilla anserina</i>	Tágamura		
<i>Potentilla crantzii</i>	Gullmura		
<i>Potentilla palustris</i>	Engjarós		
<i>Pseudorchis albida</i>	Hjónagras		
<i>Ranunculus acris</i>	Brennisóley		
<i>Ranunculus hyperboreus</i>	Trefjasóley		
<i>Ranunculus reptans</i>	Liðaskriðsóley		
<i>Rhinanthus minor</i>	Lokasjóður		
<i>Rubus saxatilis</i>	Hrútaber		
<i>Rumex acetosa</i>	Túnsúra		

2. viðauki. Listi yfir tegundir í reit 4357 skv. 10 x 10 km reitakerfi

Latneskt nafn	Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Íslenskt nafn
<i>Achillea millefolium</i>	Vallhumall	<i>Carex rostrata</i>	Tjarnarstör
<i>Agrostis capillaris</i>	Hálingresi	<i>Carex saxatilis</i>	Hrafnastör
<i>Agrostis stolonifera</i>	Skriðlingresi	<i>Carex vaginata</i>	Slíðrastör
<i>Agrostis vinealis</i>	Týtulíngresi	<i>Carum carvi</i>	Kúmen
<i>Alchemilla alpina</i>	Ljónslappi	<i>Cassiope hypnoides</i>	Mosalýng
<i>Alchemilla vulgaris</i>	Mariustakkur	<i>Catabrosa aquatica</i>	Vatnsnarfagras
<i>Alopecurus aequalis</i>	Vatnsliðagras	<i>Cerastium alpinum</i>	Músareyra
<i>Alopecurus geniculatus</i>	Knjáliðagras	<i>Cerastium cerastoides</i>	Lækjafraehyrna
<i>Alopecurus pratensis</i>	Háliðagras	<i>Cerastium fontanum</i>	Vegarfi
<i>Angelica archangelica</i>	Ætíhvönn	<i>Cerastium glomeratum</i>	Hnoðafraehyrna
<i>Angelica sylvestris</i>	Geithvönn	<i>Chamomilla suaveolens</i>	Hlaðkolla
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	Ilmreyr	<i>Coeloglossum viride</i>	Barnarót
<i>Anthriscus sylvestris</i>	Skógarkerfill	<i>Corallorhiza trifida</i>	Krækklurót
<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>	Sortulyng	<i>Cystopteris fragilis</i>	Tófugras
<i>Arenaria norvegica</i>	Skeggsandi	<i>Dactylis glomerata</i>	Axhnoðapuntur
<i>Armeria maritima</i>	Geldingahnappur	<i>Dactylorhiza maculata</i>	Brönugrös
<i>Bartsia alpina</i>	Smjörgras	<i>Deschampsia alpina</i>	Fjallapuntur
<i>Betula nana</i>	Fjalldrapi	<i>Deschampsia caespitosa</i>	Snarrótarpuntur
<i>Betula pubescens</i>	Birki	<i>Deschampsia flexuosa</i>	Bugðupuntur
<i>Bistorta vivipara</i>	Kornsúra	<i>Draba incana</i>	Grávorbblóm
<i>Botrychium lunaria</i>	Tungljurt	<i>Draba norvegica</i>	Hagavorblóm
<i>Brassica rapa</i>		<i>Dryas octopetala</i>	Holtasóley
<i>Calamagrostis stricta</i>	Hálmgresi	<i>Eleocharis palustris</i>	Vatnsnál
<i>Callitriche palustris</i>	Vorbrúða	<i>Eleocharis quinqueflora</i>	Fitjaskúfur
<i>Callitriche stagnalis</i>	Laugabrúða	<i>Eleocharis uniglumis</i>	Vætuskúfur
<i>Calluna vulgaris</i>	Beitilyng	<i>Elymus repens</i>	Húsapuntur
<i>Caltha palustris</i>	Hófsóley	<i>Empetrum nigrum</i>	Krækilyng
<i>Campanula rotundifolia</i>	Bláklukka	<i>Epilobium alsinifolium</i>	Lindadúnurt
<i>Capsella bursa-pastoris</i>	Hjartarfi	<i>Epilobium collinum</i>	Klappadúnurt
<i>Cardamine hirsuta</i>	Lambklukka	<i>Epilobium palustre</i>	Mýradúnurt
<i>Cardamine nymanii</i>	Hrafnaklukka	<i>Equisetum arvense</i>	Klóelfting
<i>Cardaminopsis petraea</i>	Melablóm	<i>Equisetum fluviatile</i>	Fergin
<i>Carex bigelowii</i>	Stinnastör	<i>Equisetum hyemale</i>	Eski
<i>Carex capillaris</i>	Hárleggjastör	<i>Equisetum palustre</i>	Mýrelfting
<i>Carex capitata</i>	Hnappstör	<i>Equisetum pratense</i>	Vallelfting
<i>Carex chordorrhiza</i>	Vetrarkvíðastör	<i>Equisetum variegatum</i>	Beitieski
<i>Carex curta</i>	Blátoppastör	<i>Erigeron borealis</i>	Jakobsffill
<i>Carex limosa</i>	Flóastör	<i>Eriophorum angustifolium</i>	Klófífa
<i>Carex lyngbyei</i>	Gulstör	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	Hrafnaffa
<i>Carex lyngbyei - hybrid</i>	Gulstör kynbl.	<i>Euphrasia frigida</i>	Augnfró
<i>Carex maritima</i>	Bjúgstör	<i>Festuca richardsonii</i>	Túnvingull
<i>Carex microglochin</i>	Broddastör	<i>Festuca rubra</i>	Rauðvingull
<i>Carex nigra</i>	Mýrastör	<i>Festuca vivipara</i>	Blávingull
<i>Carex panicea</i>	Belgjastör	<i>Filaginella uliginosa</i>	Grámygla
<i>Carex rariflora</i>	Hengistör	<i>Filipendula ulmaria</i>	Mjaðjurt

Latneskt nafn	Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Íslenskt nafn
<i>Fragaria vesca</i>	Jarðarber	<i>Paris quadrifolia</i>	Ferlaufungur
<i>Galeopsis tetrahit</i>	Garðahjálmgras	<i>Parnassia palustris</i>	Mýrasóley
<i>Galium boreale</i>	Krossmaðra	<i>Persicaria maculata</i>	Flóajurt
<i>Galium normanii</i>	Hvítmaðra	<i>Phleum alpinum</i>	Fjallafoxgras
<i>Galium uliginosum</i>	Laugamaðra	<i>Phleum pratense</i>	Vallarfoxgras
<i>Galium verum</i>	Gulmaðra	<i>Pilosella islandica</i>	Íslandsffill
<i>Gentiana nivalis</i>	Dýragras	<i>Plantago major</i>	Græðisúra
<i>Gentianella amarella</i>	Grænvöndur	<i>Plantago maritima</i>	Kattartunga
<i>Gentianella campestris</i>	Maríuvöndur	<i>Platanthera hyperborea</i>	Friggjargras
<i>Geranium sylvaticum</i>	Blágresi	<i>Poa alpina</i>	Fjallasveifgras
<i>Geum rivale</i>	Fjalldalaffill	<i>Poa annua</i>	Varpasveifgras
<i>Gymnocarpium dryopteris</i>	Þrflaufungur	<i>Poa glauca</i>	Blásveifgras
<i>Hieracium</i>	Undaffill	<i>Poa nemoralis</i>	Kjarsveifgras
<i>Hieracium alpinum</i>	Fellaffill	<i>Poa pratensis</i>	Vallarsveifgras
<i>Hieracium demissum</i>	Skallaffill	<i>Poa trivialis</i>	Hásveifgras
<i>Hieracium microdon</i>	Holtaffill	<i>Polygonum aviculare</i>	Blóðarfi
<i>Hierochloa odorata</i>	Reyrgresi	<i>Potamogeton alpinus</i>	Fjallnykra
<i>Holcus lanatus</i>	Loðgresi	<i>Potamogeton filiformis</i>	Þráðnykra
<i>Hydrocotyle vulgaris</i>	Vatnsnafli	<i>Potamogeton gramineus</i>	Grasnykra
<i>Juncus alpinus</i>	Mýrasef	<i>Potamogeton pusillus</i>	Smánykra
<i>Juncus arcticus</i>	Hrossanál	<i>Potentilla anserina</i>	Tágamura
<i>Juncus articulatus</i>	Laugasef	<i>Potentilla crantzii</i>	Gullmura
<i>Juncus biglumis</i>	Flagasef	<i>Potentilla palustris</i>	Engjarós
<i>Juncus bufonius</i>	Lækjasef	<i>Prunella vulgaris</i>	Blákolla
<i>Juncus filiformis</i>	Þráðsef	<i>Pseudorchis albida</i>	Hjónagras
<i>Juncus trifidus</i>	Móasef	<i>Pyrola minor</i>	Klukkublóm
<i>Juncus triglumis</i>	Blómsef	<i>Ranunculus acris</i>	Brennisóley
<i>Kobresia myosuroides</i>	Þursaskegg	<i>Ranunculus hyperboreus</i>	Trefjasóley
<i>Koenigia islandica</i>	Naflagras	<i>Ranunculus repens</i>	Skriðsóley
<i>Lathyrus palustris</i>	Mýraertur	<i>Ranunculus reptans</i>	Liðaskriðsóley
<i>Lathyrus pratensis</i>	Fuglaertur	<i>Rhinanthus minor</i>	Lokasjóður
<i>Leontodon autumnalis</i>	Skariffill	<i>Rhodiola rosea</i>	Burnirót
<i>Leymus arenarius</i>	Melgresi	<i>Rubus saxatilis</i>	Hrútaber
<i>Limosella aquatica</i>	Efjugras	<i>Rumex acetosa</i>	Túnsúra
<i>Listera cordata</i>	Hjartatvíblaðka	<i>Rumex acetosella</i>	Hundasúra
<i>Loiseleuria procumbens</i>	Sauðamergur	<i>Rumex longifolius</i>	Njólí
<i>Lomatogonium rotatum</i>	Bláilíja	<i>Sagina nodosa</i>	Hnúskakrækil
<i>Luzula multiflora</i>	Vallhæra	<i>Sagina procumbens</i>	Skammkrækil
<i>Luzula spicata</i>	Axhæra	<i>Sagina saginoides</i>	Langkrækil
<i>Luzula sudetica</i>	Dökkhæra	<i>Salix arctica</i>	Fjallavíðir
<i>Lychnis alpina</i>	Ljósberi	<i>Salix callicarpaea</i>	Grávíðir
<i>Matricaria maritima</i>	Baldursbrá	<i>Salix herbacea</i>	Grasvíðir
<i>Menyanthes trifoliata</i>	Horblaðka	<i>Salix lanata</i>	Loðvíðir
<i>Minuartia rubella</i>	Melanóra	<i>Salix phylicifolia</i>	Gulvíðir
<i>Montia fontana</i>	Lækjagrýta	<i>Saxifraga caespitosa</i>	Þúfusteinbrjótur
<i>Myosotis arvensis</i>	Gleym-mér-ei	<i>Saxifraga hirculus</i>	Gullbrá
<i>Omalotheca supina</i>	Grámulla	<i>Saxifraga hypnoides</i>	Mosasteinbrjótur
<i>Ophioglossum azoricum</i>	Naðurtunga	<i>Saxifraga nivalis</i>	Snæsteinbrjótur
<i>Oxyria digyna</i>	Ólafssúra	<i>Saxifraga oppositifolia</i>	Vetrarblóm

Latneskt nafn	Íslenskt nafn
<i>Saxifraga rivularis</i>	Lækjasteinbrjótur
<i>Saxifraga stellaris</i>	Stjörnusteinbrjótur
<i>Sedum acre</i>	Helluhnoðri
<i>Sedum annuum</i>	Skriðuhnoðri
<i>Sedum villosum</i>	Flagahnoðri
<i>Selaginella selaginoides</i>	Mosajafni
<i>Senecio vulgaris</i>	Krossfífill
<i>Silene acaulis</i>	Lambgras
<i>Silene uniflora</i>	Holurt
<i>Sparganium</i>	Brúsakollur
<i>Sparganium hyperboreum</i>	Mógrafabrúsi
<i>Spergula arvensis</i>	Skurfa
<i>Stellaria media</i>	Haugarfi
<i>Taraxacum</i>	Túnfífill
<i>Thalictrum alpinum</i>	Brjóstagrass
<i>Thymus praecox</i>	Blóðberg
<i>Tofieldia pusilla</i>	Sýkigrass
<i>Trichophorum caespitosum</i>	Mýrafinnungur
<i>Trifolium repens</i>	Hvítsmári
<i>Triglochin palustre</i>	Mýrasauðlaurkur
<i>Trisetum spicatum</i>	Lógresi
<i>Urtica urens</i>	Smánetla
<i>Utricularia minor</i>	Blöðrujurt
<i>Vaccinium myrtillus</i>	Aðalbláberjalyng
<i>Vaccinium uliginosum</i>	Bláberjalyng
<i>Veronica alpina</i>	Fjalladepla
<i>Veronica anagallis-aquatica</i>	Laugadepla
<i>Veronica fruticans</i>	Steindepla
<i>Veronica officinalis</i>	Hárdepla
<i>Veronica serpyllifolia</i>	Lækjadepla
<i>Vicia cracca</i>	Umfeðmingur
<i>Viola canina</i>	Týsfjóra
<i>Viola palustris</i>	Mýrfjóra